

Fundur í fagráði nautgriparæktar 10. desember 2015

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í húsnæði Lbhí á Hvanneyri og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Baldur Helgi Benjamínsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Sigurður Loftsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Þórarinn Leifsson og Þóroddur Sveinsson voru í símasambandi. Björn S. Gunnarsson og Sveinbjörn Eyjólfsson komu síðar til fundarins.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerðir síðustu funda
2. Niðurstöður nýs kynbótamats í nóvember
3. Dómar á kvígum/kúm undan heimanautum
4. Staða holdanautamálsins
5. Umsókn í þróunarsjóð
 - a. Hagrænt vægi eiginleika í nautgripa- og sauðfjárrækt
6. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta funda.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerðir, dags. 26. maí 2015 og 22. okt. 2015, samþykktar án athugasemda, en áður höfðu þær verið afgreiddar óformlega í tölvupósti.

2. Niðurstöður nýs kynbótamats í nóvember.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats sem var keyrt í nóvember s.l. Frá keyrslu kynbótamats í maí hafa þau naut sem komin eru til notkunar úr árgögnum 2009 ýmist nokkurn veginn haldið sínu eða styrkt sína stöðu með einni undantekningu, en Foss 09042 hefur lækkað í mati. Þá kom fram að ekkert naut úr 2010 árgangi hefur tilskilinn fjölda dætra til þess að hægt sé að taka afstöðu til þeirra og er stærsta einstaka ástæða þess hár aldur við 1. burð.

Guðmundur fór sérstaklega yfir nautaárgang 2009. Alls eru 25 naut úr árgangi 2009 nú komin með 30 dætur eða fleiri á bak við afurðamatið sem er algjört lágmark. Í raun eru vonbrigði hversu seint matið skilar sér og sýnir þörf okkar á því að kvígurnar beri yngri og að taka upp kynbótamat sem byggir á einstökum mælingum.

Þessi árgangur telur 27 naut og er faðerni þeirra mjög dreift. Flesta syni á Skurður 02012 eða 5, Spotti 01028 og Lykill 02003 eiga 4 hvor, Kappi 01031 og Flói 02029 eiga 3 hvor, Glæði 02001 á 2, Hersir 97033, Þrasi 98052, Þollur 99008, Laski 00010, Gosi 00032 og Snotri 01027 eiga 1 hver.

Eins og með 2007 og 2008 árgangana er sonur Laska öflugur og sýnir sömu einkenni og bræður hans sem er góð afurðageta ásamt öflugri jógur- og spenagerð. Synir Spotta hafa þann djöful að draga að Spotti hefur fallið mikið í mati frá því hann var nautsfaðir. Fyrstu synir Glæðis 02001 sem koma nú til afkvæmadóms lofa nokkuð góðu með hann en synir Flóa 02029 gefa ekki ástæðu til sérstakrar bjartsýni. Synir Skurðs 02012 virðast upp til hópa gefa fullþungar kýr í mjöltum.

Í þessum árgangi er ekki að sjá nein toppnaut utan Þyt 09078 sem stendur með 113 í heildareinkunn og þá er Ferill 09070 með 110. Þytur á hins vegar við þann vanda að stríða að efnahlutföll dætra eru lág þó aðrir eiginleikar séu margir hverjir mjög háir.

Ánægjulegt er að Kraki 09002, Bolti 09021 og Gæi 09047 styrkja sína stöðu en hins vegar veldur Foss 09042 vonbrigðum og lækkar um 2 stig í mati en hann mátti illa við því.

Ákveðið að reynd naut í notkun næstu mánuði verði:

Logi 06019, Rjómi 07017, Keipur 07054, Blámi 07058, Blómi 08017, Þáttur 08021, Flekkur 08029, Góí 08037, Kraki 09002, Gustur 09003, Bolti 09021, Gæi 09047, Ferill 09070, Þytur 09078, Dráttur 09081 og Brúnó 09088.

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða:

Keipur 07054, Bolti 09021, Gustur 09003, Ferill 09070 og Þytur 09078 sem verður aðeins fyrir nautsmæður með mjög há efnahlutföll.

Úr notkun fara eftirfarandi naut:

Toppur 07046 – sæði uppurið

Bambi 08049 – sæði uppurið

Foss 09042 – lækkaði í mati

Besta naut 2008 árgangsins var valið Bambi 08049.

2. Dómar á kvígum/kúm undan heimanautum

Tekið fyrir svarbréf frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), dags. 23. september 2015, vegna erindis fagráðs til RML um að hætta gjalddöku á dómum á kvígum/kúm undan heimanautum. Í svarinu kemur fram að kostnaður við skoðun á kvígum/kúm er 4,5 millj. kr. meiri en sem nemur sérmerktum framlögum af kynbótafé sem rennur til kúaskoðunar.

Gunnfríður fór yfir efni bréfsins þar sem tíunduð er vinna og kostnaður RML vegna kúaskoðunar árið 2014. Þar kemur m.a. fram að skoðaðar voru 6.288 kvígur á árinu og kostnaður á kvígu nam 1.546 kr.

Málið töluvert mikið rætt og skoðanir manna á framkvæmd þessa verkefnis mismunandi varðandi leiðir fremur en markmið. Ákveðið að skoða málið betur fyrir næsta fund og hvaða leiðir séu bestar að sameiginlegu markmiði.

3. Skýrslur frá Nautastöðinni

Sveinbjörn Eyjólfsson mætti til fundar undir þessum lið. Hann renndi yfir kaup á nautkálfum síðustu tvö ár, fjöldatölur o.fl.

Sveinbjörn fór yfir fjölda sæðinga en fjöldi þeirra hefur á fjórum árum aukist um yfir 8 þús. talsins, voru ríflega 52 þús. á árinu 2014 og stefnir í svipað á þessu ári.

Hann sagði jafnframt frá því að nú væri stefnt að því að skipta úr 0,5 ml. stráum yfir í 0,25 ml. strá. Með því væri hægt að minnka umfang eða rýmisþarfir birgða í framtíðinni umtalsvert. Jafnframt yrði skoðað hvort óhætt væri að þynna sæðið meira, þar yrði þó farið mjög varlega.

Þá fór Sveinbjörn yfir birgðir úr holdanautasæði sem eru mjög miklar og óskaði hann eftir að fá að farga hluta þeirra. Samþykkt að henda allt að 1/3 þeirra birgða ef rýma þarf fyrir nýju sæði.

Sveinbjörn sagði reynslu stöðvarinnar af starfi Þorstein Ólafssonar á stöðinni mjög góða. T.d. væru tengsl hans við frjótækna og aðstoð við þá til mikillar fyrirmyndar

Farið var yfir úr hvaða nautum úr árgangi 2009 má henda öllu sæði.

Björn S. Gunnarsson kom til fundar í síma undir þessum lið.

4. Staða holdanautamálsins

Baldur Helgi sagði frá því að hann, Guðmundur Jóhannesson og Þorsteinn Ólafsson hefðu nú í vikunni farið til Noregs til viðræðu við Norðmenn varðandi hagræn atriði við innflutning erfðaefnis úr holdagripum þaðan. Meðal þess sem gert var í þeirri heimsókn var að fara yfir innflutningskröfur og hvernig Norðmenn geta mætt þeim. Fram kom að Norðmenn geta uppfyllt öll skilyrði sem fram koma í reglugerð nr. 850/2012 um innflutning erfðaefnis holdanauta og kröfur um útbúnað einangrunarstöðva.

Næstu skref eru í raun að sækja um þennan innflutning og að dýralæknayfirvöld í Noregi og á Íslandi komi sér saman um hvað komi fram í heilbrigðisvottorðum sem fylgja erfðaefninu þannig að allar kröfur séu uppfylltar.

Baldur fór einnig yfir að fundað hefði verið með fulltrúum TYR varðandi val á gripum, bæði nautum og kúm/kvígum til töku fósturvísa.

Þá var farið yfir stöðu mála hérna heima og stöðu fjármögnunar á verkefninu. Sigurður fór sérstaklega yfir hvernig hugsanlegur framgangur verkefnisins yrði varðandi tímasetningar ofl.

Sveinbjörn vék af fundi að loknum þessum lið.

5. Umsókn í þróunarsjóð.

Guðný Helga fór yfir umsókn í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar sem ekki var hægt að afgreiða á síðasta fundi fagráðs.

a. Hagrænt vægi eiginleika í nautgripa- og sauðfjarrækt

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Verkefnisstjóri er Emma Eypórsdóttir.

Verkefnið felst í því að fara yfir aðferðir og verkfæri sem nýtast til að meta hagrænt vægi hellsu eiginleika í nautgripa- og sauðfjarrækt, afla gagna sem til þarf, vinna úr þeim með viðurkenndum aðferðum fræðanna og nýta niðurstöður við endurskoðun heildareinkunna í báðum búgreinum. Sótt er um sömu upphæð í bæði þróunarsjóð nautgripa- og sauðfjarræktar.

Afgreiðsla: Fagráð er á því að mög brýnt og áhugavert verkefni sé að ræða og mælir með því að það verði styrkt um allt að kr. 1.898.000. Guðný Helga Björnsdóttir, Guðmundur Jóhannesson og Vigdís Sveinbjörnsdóttir viku af fundi við afgreiðslu þessa máls.

6. Önnur mál.

Fagþing nautgriparæktarinnar.

Fagþingið verður haldið 31. mars 2016 og var rætt um dagskrá og efnistöð þess. Meðal þess sem áhugavert gæti verið að taka til umfjöllunar er nautakjötsframleiðslan og Þóroddur sagði að hægt yrði að birta einhverjar niðurstöður úr nautaeldistilrauninni á Möðruvöllum. Meðal hugmynda er líka að kynna framleiðsluumhverfið með nýjum búvörusamningum eftir því hvernig niðurstaða þeirra samninga verður auk þess sem bótækni bar á góma.

Ræktunarmarkmiðin.

Aðeins rætt um stöðu mála varðandi endurskoðun ræktunarmarkmiðanna. Í ljósi þess að nú eru í gangi og að fara í gang nokkuð mörg verkefni sem styrkja grunn að frekari ákvarðanatöku var ákveðið að rétt væri að bíða með þá endurskoðun. Þar má nefna MS-verkefni Jóns Hjalta Eiríkssonar

um innleiðingu „Test Day Model“ í íslenska nautgriparækt, hagrænt vægi eiginleika í ræktunarstarfi ofl.

Fláttu.

Gunnfríður sagði frá því að sá gripur undan Birtingi 05043 sem sagt var frá á fundi fagráðs 25. maí sl. hefði reynst vera með fláttu og faðerni hefði verið staðfest. Hún sagðist hafa rætt við Jón Hallstein Hallsson, sameindaerfðafræðing, um að skoða þessi mál þar sem nú væri einmitt tækifæri til þess að reyna að greina erfðavísinn og hugsanlega erfðir þessa erfðagalla. Ef um væri að ræða einfaldar víkjandi erfðir ætti erfðavísirinn nú að vera talsvert útbreiddur eða í um helmingi afkvæma Birtings. Nú væri því tækifæri til þess að skoða þetta allítarlega.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Sigurður Loftsson

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir

Þórarinn Leifsson

Björn S. Gunnarsson

Þóroddur Sveinsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Sveinbjörn Eyjólfsson

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður kynbótamats í nóvember 2015.
2. Umsókn í þróunarsjóð.
3. Bréf frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), dags. 23. september 2015